

Bekkjarfundir

Bekkjarfundur er opinn umræðufundur þar sem ákveðin málefni eru rædd. Hópstjóri (t.d. kennari) leggur fram spurningar tengdar umræðuefni sem liggur fyrir hvert sinn (það eru engin rétt eða röng svör). Spurningar skulu hvetja til umræðna, sjálfskoðunar, skoðanaskipta og vandamálalausna. Dæmi um málefni og spurningar eru hér að neðan.

Fyrirkomulag bekkjarfunda

Misjafnt er hversu oft bekkjarfundir eru haldnir og hversu lengi þeir vara. Að lágmarki skal halda bekkjarfund einu sinni í viku en margir kjósa að funda daglega með sínum bekk. Lengd fundarins fer eftir aldri nemenda og tíðni funda. Gera skal ráð fyrir því að fundir séu frá 15 mínútum upp í 45 mínútur. Ákveðnar reglur verða að gilda á fundum og mikilvægt er að farið sé reglulega yfir það til hvers er ætlast og hrósa nemendum fyrir að sýna virðingu í samskiptum.

Fyrsta skrefið í að skipuleggja bekkjarfund er að ákveða hvaða málefni skulu vera á dagskrá. Umræðuefni skulu vera viðeigandi og áhugaverð fyrir nemendur. Hafi árekstrar orðið á leikvelli væri til dæmis hægt að ræða samskipti á leikvöllum. Markmið fundarins væri að aðstoða nemendur við að ræða um ólíkar leiðir í samskiptum og nota lausnarleit á ábyrgan hátt. Hlutverk kennarans í þessu ferli er að vera handleiðandi, þ.e. beina hópnum rétta leið. Kennara er hvorki ætlað að vera yfirmaður hópsins né sérfræðingur í því máli sem til umræðu er. Honum er ætlað að vaka yfir umræðunni, gæta þess að öll sjónarmið fái að njóta sín og niðurstaða fái.

Að hefja bekkjarfund

Mikilvægt er að nemendur fái óhindrað að láta í ljós skoðanir og að samræður séu með eðlilegum hætti á bekkjarfundum. Þar af leiðandi er ákjósanlegt að nemendur sitji saman í hring eða skeifu og nái augnsambandi hvor við annan. Kennarinn hefur fyrsta bekkjarfundinn á því að útskýra fyrir nemendum að framvegis verði reglulegir bekkjarfundir haldnir þar sem nemendum er frjálst að ræða skoðanir og láta í ljós tilfinningar varðandi hin ýmsu málefni sem kynnt eru hverju sinni. Nemendur eru beðnir um að vera heiðarlegir þegar þeir deila skoðunum og tilfinningum. Gott getur verið að koma upp ákveðnu kerfi til að láta orðið ganga s.s. rétta upp hönd, láta spjallstein ganga eða spjald. Enginn nemandi er neyddur til þess að taka þátt í samræðum, en allir eru beðnir um að sýna virðingu með því að hlusta á þann sem er að tala. Nauðsynlegt er að hópurinn komi sér saman um fundarreglur sem eru skrifðar niður og hafðar sýnilega á fundum. Fundarreglur eiga að vera skýrar, jákvætt orðaðar og tengdar einkunnarorðum skólans. Umræðuefni á fyrsta bekkjarfundinum á að vera einfalt og áhugavekjandi fyrir nemendur. Gott efni á fyrsta bekkjarfund er til dæmis “Hvað mundir þú gera við 100 milljónir”.

Að halda bekkjarfundum gangandi

Það er góð starfsregla að halda bekkjarfundum á sama tíma eða í fyrsta tíma hjá umsjónarkennara á hverjum degi. Til dæmis er ágætis regla að bekkjarfundir séu haldnir í fyrsta tíma hjá umsjónarkennara, hvort sem hann er í upphafi dags eða seinna um daginn.

Umræðuefni á bekkjarfundum geta verið margvísleg en misjafnt er hvort kennari kys að hafa umræðuefni opið eða fyrirfram ákveðið. Góð hugmynd er að safna umræðuefnum í hugmyndabox eða fá nemendur til þess að skrifa hugmyndir á blað. Bekkjarfundir geta einnig verið vettvangur til þess að leysa deilumál sem upp koma milli nemenda. Umræðuefni fyrir bekkjarfundi þar sem unnið er að lausnaleit geta t.d. verið: Þegar grín er gert að öðrum, einelti, að gera sitt besta, hvernig virðum við hvort annað á bekkjarfundum. Þar að auki er hægt að nota bekkjarfundi til þess að auka vísýni og sjálfsþekkingu nemenda. Það er sérstaklega mikilvægt að spurningar og umræður á þessum fundi séu opnar og hvetjandi. Umræðuefni á slíkum fundi eru t.d. hvað gerir mig hamingjusama, hvað ætla ég að gera þegar ég er orðinn stór, hvað finnst mér mikilvægt í lífinu og hvernig eru góðir vinir.

Þegar unnið er með lausnaleit er gott að hafa eftirfarandi til hliðsjónar:

1. Í hverju felst vandinn?
2. Hvað er markmiðið (alltaf setja það fram á jákvæðan hátt)?
3. Skrá mögulegar lausnir (sama hversu fáranlegar þær eru)?
4. Hvað gerist þegar þessi lausn er valin (kostir og gallar lausna)?
5. Er þetta gerlegt (já eða nei)?
6. Hversu góð er þessu áætlun?
7. Hvernig reyndist lausnin sem var valin (metið eftirá)?

Dæmi um bekkjarfundi fyrir nemendur í 4. bekk

Bekkjafundir

Vinnureglur

- Fundir eru 15-20 mín.
- Það er ákveðið umræðuefni á hverjum degi. Í lok hvers fundar er farið yfir verkefni dagsins og tími er fyrir tilkynningar.
- Við ræðum bara efni dagsins nema kennari ákveði annað.
- Það geta ekki allir tekið til máls í hvert sinn en höfum skrá yfir hver talar og þá hafa hinir forgang næst (gott er að hafa númeraða miða fyrir þá sem eru á mælendaskrá).
- Það er ekki í boði að trufla. Ef einhver truflar er hann/hún beðin um að fara á mælendaskrá eða boðið að fara annað þar til fundi líkur.
- Nemendur fá númer þegar þeir biðja um orðið.

Fundarefni

- Mánudagur-helgin
- Þriðjudagur- rætt um það sem er um að vera hjá nemendum eða í fréttum
- Miðvikudagur-samskipti
- Fimmtudagur-umgengni um skólann
- Föstudagur- opið

Reglur

1. Meðan einn talar hlusta hinir
2. Við réttum upp hönd til að fá orðið
3. Við virðum tíma sem við fáum til að tala (kennari ákveður hvað við fáum langan tíma til að tala)
4. Við sitjum á fundarstaðnum okkar (á dýnum upp við vegg eða ofninn)

